


Umhverfisstofnun
Áb. <u>GJ</u>
<u>27 OKT. 2007</u>
<u>40</u>
Tilv <u>UST20071000065</u>

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 26. október 2007

Tilvísun: UST20071000065/gj

Umsögn um tillögu að matsáætlun á stækkun kjúklingabúsins á Melavöllum, Kjalarnesi

Vísað er í bréf Skipulagstofnuna dagsett 4. október 2007 þar sem Umhverfisstofnun er beðið um umsögn um tillögu að matsáætlun á stækkun kjúklingabús Matfugls á Melavöllum, Kjalarnesi.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við matsáætlunina

Eins og bent var í umsögn stofnunarinnar um fyrirspurn um matskyldu sbr. bréf dags 12. júní sl. má ekki byggja alifuglabú nærri en 500 metra frá mannabústöðum skv. 24. gr. reglugerðar nr. 941/2004 um hollustuhætti. Fjarlægð að íbúðarhúsnæði er um 700 metrar, en hins vegar er fjarlægð að landamærum næstu jarðar mun minni. Umhverfisstofnun telur að fjalla verði um þennan þátt í mati á umhverfisáhrifum.

Stuðst er við upplýsingar um vindafar frá mælistöð Veðurstofunnar á skrauthólum sem fram koma í skýrslu Veðurstofu Íslands „Kjalaranes – stutt úttekt á vindafari“. Þó að sú mælistöð sé aðeins í fjögurra kílómetra fjarlægð þá er ekki víst að vindrósin þar gefi raunsæja mynd af vindi við kjúklingabúið á Melavöllum. Enda kemur fram í skýrslu Veðurstofunnar að Esjan hefur mikil áhrif á vindafar, „þar sem Esjan er mjög nærri stöðvunum á Kjalarnesi hefur hún mikil áhrif á vindafar þeirra, bæði stýrir hún stefnu vindsins og mótar styrk hans.“ [bls. 5, Kjalaranes – stutt úttekt á vindafari]. Nálægð og afstaða Melavalla við Esjuna er önnur en Skrauthóla og því er ástæða til þess að ætla að ekki sé nægjanlegt að styðjast einungis við gögn frá mælistöðinni á Skrauthólum.

Virðingarfyllt


Gísli Jónsson
Sérfræðingur


Helgi Jónsson
Forstöðumaður